

Nd.

223. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á sundskálabyggingu og aðstöðu til byggingar alþýðuskóla í Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta sem fyrst rannsaka og gera kostnaðaráætlun yfir sundskálabyggingu við sundlaugina í Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Ennfremur að láta rannsaka alla aðstöðu til byggingar alþýðuskóla fyrir Vesturland á sama stað, svo sem vatns- og hitamagn hveranna, legu staðarins og samgöngur við þennan stað o. s. frv., og leggja álit þessu viðkomandi fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Kirkju- og kenslumálaráðherra ætlaði að láta húsameistara ríkisins rannsaka sundskálabyggingu í Reykjanesi á síðastliðnu hausti, en til þess vanst þá ekki tími.

Nú hefir þing- og hjeraðsmálafundur Norður-Ísfirðinga óskað þess, að bæði þessi atriði, sundskálabyggingin og bygging alþýðuskóla í Reykjanesi, yrðu rannsökuð. Ef svo reyndist, sem telja verður mjög líklegt, að vatns- og hitamagn hveranna í Reykjanesi nægi til þess að hita stórbýsi, þá er það augljóst, að stórmikill sparnaður væri að því, að skólinn yrði á sínum tíma bygður þar, ef ástæður að öðru leyti ekki eru því til fyrirstöðu.